


24. febrúar 2005



Breyttar aðstæður á vinnumarkaði

Allmikil umsvif eru í íslensku efnahagslífi um þessar mundir og ekkert lát verður á þeim í nánustu framtíð. Innheimta tryggingagjalda ríkissjóðs, sem lögð eru á öll vinnulaun, bendir til þess að á síðastliðnu ári kunni ársvöxturinn að hafa verið 5% umfram vöxt launavísitölu og að vaxtarhraðinn hafi aukist eftir því sem leið á árið. Bætt innheimta frá fyrra ári kann að hafa einhver áhrif hér á en það breytir þó ekki þeirri meginályktun að umsvif á vinnumarkaði hafi aukist umtalsvert. Þróun atvinnuleysis bendir til sömu niðurstöðu. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi hefur farið stöðugt minnkandi frá því í júlí á síðasta ári. Fækkun á atvinnuleysissskrá seinni hluta sumars var meiri í fyrra en venja hefur verið undanfarin ár. Þá var aukning á atvinnuleysissskrá í vetur sömuleiðis minni en vant er. Atvinnuþátttaka hér á landi, sem er mjög mikil í alþjóðlegum samanburði, getur ekki aukist að neinu ráði nema ungt fólk kjósi fremur að fara út á vinnumarkaðinn en að halda áfram í skóla. Slik þróun yrði samfélaginu hins vegar skammgóður vermir. Á lokuðum vinnumarkaði er viðbúið að mikil spurn eftir vinnuafli leiði til launahækkana og aukinnar verðbólgu.

Fjöldi atvinnulausra í lok mánaðar



Aðstæður á vinnumarkaði hafa hins vegar verið að breytast undanfarin ár eins og á mörgum öðrum sviðum. Í síðustu uppsveiflu fluttist til landsins mikill fjöldi erlends fólks sem hefur í miklum mæli fílenst. Fyrst og fremst er um að ræða fólk frá löndum utan evrópska efnahagssvæðisins sem hingað fluttist á grundvelli atvinnu- og dvalarleyfa. Nú er þrýstingur aftur að aukast um að flytja hingað til lands vinnuafli erlendis frá bæði vegna stóriðjuframkvæmdanna og til starfa í öðrum atvinnugreinum. Atvinnurekendur leita í auknum mæli til starfsmannaleiga sem starfa innan evrópska efnahagssvæðisins. Reikna má með því að þeir starfsmenn sem þannig koma til landsins hverfi almennt aftur til síns heima þegar verkefnum þeirra hér á landi lýkur. Visbendingar eru um að flestir þeirra hafi skamma viðkomu hérlandis. Þá hafa íslensk fyrirtæki í nokkrum tilvikum komið upp starfsemi í löndum ESB þar sem vinnuafli er ódýrara en hér og jafnvel flutt starfsemi sína þangað. Vegna alþjóðavæðingar efnahagslífsins má búast við að aukin spurn eftir vinnuafli í þessari uppsveiflu hafi minni áhrif á launapróunina og almennt verðlag en í fyrri uppsveiflum.

Frumvarp um ársreikninga

Nú liggur fyrir Alþingi stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um ársreikninga. Með frumvarpinu er verið að innleiða ákvæði reglugerðar ESB nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Með innleiðingunni verða tiltekin félög skyldu til að hafa reikningsskilum sínum í samræmi við

alþjóðlega reikningsskilastaðla. Skyldan nær aðallega til samstæðureikninga félaga sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamörkuðum innan EES. Framangreindum félögum verður jafnframt gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga frá og með reikningsári sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar. Öðrum félögum verður ekki gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við reikningsskil sín, en verður hins vegar heimilt að beita þeim, ef þau uppfylla tiltekin stærðarmörk. Félögum sem hvorki hafa skyldu til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum né heimild skulu fara eftir öðrum ákvæðum ársreikningslaga við gerð reikningsskila sinna.

Frumvarpið kveður einnig á um innleiðingu á tilskipun ESB nr. 51/2003, um breytingu á tilskipunum ESB, um árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil félaga af tiltekinni gerð, banka og annarra fjármálastofnana og váttryggingafélaga. Með þeirri tilskipun hefur Evrópusambandið lokið heildarendurskoðun á reglum um ársreikninga. Með ákvæðum tilskipunarinnar, sem gert er ráð fyrir að verði innleidd í íslenskan rétt, verða afnumin þau ákvæði sem stangast á við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla. Frumvarpið miðar einnig að því að tryggja að allir valkostir reikningsskila sem tiltækir eru samkvæmt settum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum séu til staðar fyrir önnur félög.

Staðan í tvísköttunarmálum

Á árinu 2004 lauk samninganefnd um gerð tvísköttunarsamninga við gerð slíks samnings við Austurríki. Þar með er Ísland orðið aðili að 28 tvísköttunarsamningum við 32 erlend ríki, en sameiginlegur samningur er í gildi milli Norðurlandanna.

Ljóst er að þó mikið hafi áunnist á þessu sviði á örfáum árum (18 samningar á átta árum) eigum við enn langt í land samanborið við hin Norðurlöndin, eins og sjá má á eftirfarandi yfirliti sem sýnir stöðuna á síðasta ári:

*	Danmörk	73 samningar
*	Finnland	64 samningar
*	Noregur	79 samningar
*	Svíþjóð	79 samningar

Af eðlilegum ástæðum hafa smærri ríki færri tvísköttunarsamninga en þau stærri. Er því fróðlegt til samanburðar að skoða fjölda tvísköttunarsamninga hjá smáum Evrópuríkjum. Í lok árs 2003 voru 43 tvísköttunarsamningar í gildi við Lúxemborg og 42 samningar í gildi við Kýpur.

Samningaviðræður eru nú í gangi við Mexíkó, Slóveníu, Úkraínu og Grikkland um gerð nýrra tvísköttunarsamninga. Þá eru einnig í gangi viðræður um endurskoðun gildandi samninga við Bandaríkin, Þýskaland og Norðurlöndin. Jafnframt er fyrirhugað að hefja viðræður við Rúmeníu í vor.

Langtíamarkmið nefndarinnar hefur verið að ljúka samningagerð við öll aðildarríki OECD á allra næstu árum. Þegar hafa verið gerðir samningar við 24 ríki af 30 aðildarríkjum, auk þess sem samningagerð við Grikkland og Mexíkó er langt komin. Þá eru 4 OECD ríki eftir en þau eru Ástralía, Japan, Nýja-Sjáland og Tyrkland. Leitað hefur verið eftir viðræðum við framangreind ríki með forlegum hætti en ekki liggja fyrir tímasetningar um hvenær viðræður geta hafist.

Þá hefur samninganefndin horft til þess að ljúka samningsgerð við nýju ESB-ríkin en af þeim er það einungis Kýpur sem eftir stendur. Jafnframt hefur verið sett á stefnuskrá nefndarinnar að óska eftir viðræðum við Búlgaríu, Chile, Suður-Afríku og Indland. Ennfremur hefur íslenskum stjórnvöldum borist beiðni frá Króatíu og Albaníu um að hefja tvísköttunarviðræður en tímasetningar liggja ekki fyrir um hvenær þær viðræður geta hafist.

Tekjur ríkissjóðs jan-december		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Skatttekjur alls	8,7	13,1
Skattar á tekjur og hagnað	12,2	10,7
Tryggingagjöld	11,5	11,1
Eignarskattar	-21,4	38,8
Veltuskattar	9,1	13,4
Tekjur alls	11,1	8,1

Gjöld ríkissjóðs jan-december		
12 mánaða breytingar, %	2002-2003	2003-2004
Almenn mál	2,0	3,7
Félagsmál	11,6	6,4
Atvinnumál	12,3	2,6
Vaxtagjöld	-16,0	-12,5
Önnur útgjöld	16,0	3,2
Gjöld alls	8,9	4,3

Afkoma ríkissjóðs jan-december		
M.kr.	2003	2004
Handbætt fé frá rekstri	-9.272	-292
Hr. lánsfjárfjöfnuður	11.843	22.408
Afborgun lána	-30.702	-32.477
Br. lánsfjárfjöfnuður	-26.359	-17.569
Lántökur	24.749	25.867
Greiðsluafkoma	-1.610	8.298

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breytingar, %	2004	2005
Verðbólga - febrúar	2,3	4,5
Kjarnaverðb. I - febrúar	2,5	4,5
Launavísitala - janúar	3,3	6,6
Heildarvelta jan.-okt. 03-04	0,4	9,7
Smá. velta jan.-okt. 03 - 04	1,3	4,5
Atvinnuleysi - janúar	3,7	3,0